HEILBRIGÐISEFTIRLIT Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis

Garðatorg 7 • Pósthólf 329 • 212 Garðabær • Sími 550 5400 • Fax 550 5409 • www.heilbrigdiseftirlit.is • hhk@heilbrigdiseftirlit.is

Hafnarfjarðarbær
Bjarki Jóhannesson, sviðsstjóri
Skipulags og byggingasvið
Norðurhella 2
221 Hafnarfjörður.

GHE 00.80 Garðabær 4. apríl 2014

Á fundi heilbrigðisnefndar Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis þann 31. mars 2014 var lagt fram að erindi skipulagsstjóra Hafnarfjarðar frá 28. febrúar 2014 vegna auglýsingar á aðalskipulagi Hafnarfjarðar 2013 – 2025 sem nálgast má á heimasíðu Hafnarfjarðarbæjar http://www.hafnarfjordur.is/thjonusta/tilkynningar/nr/3525.

Eftirfarandi samþykkt var gerð:
„Heilbrigðisnefnd telur að styrkja verði ákvæði er varða vöktun loftgæða og að kveða verði skýrar á um hávaða í samræmi við ákvæði nýlegra reglugerða."

Meðfylgjandi eru ábendingar varðandi ofangreind atriði.

f.h. heilbrigðisnefndar

Guðmundur H. Einarsson,
framkvæmdastjóri.

# Ábendingar við drög að aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013 - 2025

| Bls. | Texti í drögum að aðalskipulag Hafnarfjarðar 2013 - 2025 | Tillögur/athugasemdir |
|---|---|---|
| 20 | *Markvisst skal unnið að því að viðhalda gæðum náttúru og umhverfis og skapa íbúum heilnæmt, öruggt og gott búsetuumhverfi.* Náttúruverndarsvæði verði afmörkuð í skipulagi. Við uppgræðslu í landi bæjarins skulu markmið sjálfbærrar þróunar höfð að leiðarljósi, m.a. við val á plöntum og trjátegundum til gróðursetningar. Af fremsta megni skal komist hjá hvers kyns mengun, m.a. frá fráveitum, loftmengun, hávaðamengun og mengun í vötn og læki. Auka skal eftirlit með loftgæðum og mengun lofts, jarðvegs, grunnvatns og yfirborðsvatns. Neiðarú trásir fráveitu skulu liggja a.m.k. 5 m niður fyrir stórstraumsfjörumörk. Markvisst skal unnið að því að umhverfi og lóðir í bænum verði snyrtilegar, jafnt á athafnasvæðum og í íbúðahverfum. Rétt er að endurskoða með reglulegum hætti umhverfisstefnu bæjarins m.a. hvað varðar sorphirðu og skipulag grenndargámaþjónustu. | Jákvætt. Hvatt er til öflugara vöktun á loftgæðum, grunn-vatns og yfirborðs-vatns. |
| 114 | Loftgæðmælingar fara fram á Hvaleyrarholti. Þar er mælt svifryk, brennisteinsdíoxíð og flúor. Skilgreind hafa verið ákveðin heilsuverndarmörk fyrir svifryk og brennisteinsdíoxíð og gróðurverndarmörk fyrir brennisteinsdíoxíð. Engin umhverfismörk hafa verið skilgreind fyrir flúor. Samkvæmt niðurstöðum fyrir árið 2004 voru allar mælingar vel undir skilgreindum umhverfismörkum utan að einn sólarhring mældist svifryk rétt yfir heilsuverndarmörkum. Lesa má um þessar mælingar og niðurstöðurnar á heimasíðu heilbrigðiseftirlitsins www.heilbrigdiseftirlit.is . | Loftgæðastöðin á Hvaleyrarholti er rekin af Umhverfis-stofnun og Ríó Tintó Alcan í Straumsvík. Mælingar í rauntíma eru birtar á heimasíðu HHK. |
| 115 | Við uppbygginu íbúðabyggðar og atvinnustarfsemi í Hafnarfirði er ástæða til að fylgjast vel með samlegðaráhrifum margra óskyldra mengunaruppspretta og áhrifa þeirra á loftgæði til að tryggja að íbúar njóti a.m.k. ekki verri loftgæði í framtíðinni en þeir gera í dag. | Hér þarf að koma fram hvernig þetta er gert, með því að hafa að gang að fleiri loftgæðamælingum (Veðurstöð, mælistöð við Norðurhellu og síðar færanleg mælistöð) |
| 115 | Markmið reglugerðar ~~933/1999 um hávaða~~ er að draga úr og koma í veg fyrir hávaða. Þar koma einnig fram almennar kröfur um hljóðstig, skyldur og réttindi almennings og rekstraraðila. Íbúar geta kallað eftir mælingu á hávaða við heimili sín hafi þeir rökstuddan grun um að hljóðvist sé ábótavant. Framkvæmd mælinganna er í höndum heilbrigðiseftirlits Hafnarfjarðar og Kópavogssvæðis. | Reglugerð nr. 724/2008 um hávaða er í gildi í dag.<br><br>Spurning er með að orða þetta aðeins öðruvísi?? |
| 116 | ***Vatn og vatnsvernd***<br>Vatnafarið í Hafnarfirði einkennist af allmikilli úrkomu annars vegar og lekum jarðmyndunum hins vegar. Lekar hraunmyndanir valda því að stöðuvötn eru hvorki mörg né stór. Helstu vötnin eru Hvaleyrarvatn og Ástjörn. Einnig eru ósnortin fjallavötn á Krýsuvíkursvæðinu. Bæði eru þau grunn og afrennslislaus á yfirborði en lífríkisgróska vatnanna er umtalsverð. Fuglalíf er talsvert við Ástjörn og er tjörnin friðlýst vegna | Hvað með að taka fram vöktun á ástandinu til að fylgjast með ef eitthvað fer á verra veg. |

<table>
<tr>
<td></td>
<td>þess. Hamarskotslækur sem á upptök í bæði Lækjarbotnum og Urriðakotsvatni. Nokkuð er um lindir og eru þær þekktustu í Kaldárbotnum en einnig eru alkunnar fjörulindir í Straumsvík og í Hraunsvík.</td>
<td></td>
</tr>
<tr>
<td>119</td>
<td>3.3.4 Umhverfis- og auðlindastefna Hafnarfjarðar<br>Helstu áhersluatriði í þessu sambandi eru eftirfarandi:<br>□ Fylgt verði lögum og reglugerðum varðandi umhverfismál sem eiga við starfsemi sveitarfélagsins.<br>□ Allir starfsmenn sveitarfélagsins eigi möguleika á umhverfisfræðslu sem miðar að því að þeir séu meðvitaðir um áhrif starfa sinna á umhverfið, þekki umhverfisstefnu sveitarfélagsins og verði virkir þátttakendur í henni.<br>□ Rekstur sveitarfélagsins verði til fyrirmyndar í umhverfismálum, m.a. með því að koma í veg fyrir myndun hvers kyns úrgangs strax við uppspretturnar.<br>□ Tryggt verði að öryggismál verði ætíð eins og best verður á kosið.<br>□ Umhverfisstefnu sveitarfélagsins verði viðhaldið og hún endurskoðuð í samræmi við innri og ytri aðstæður.<br>□ Framkvæmdaáætlun verði gerð árlega og sett fram mælanleg markmið á grundvelli stefnunnar ár hvert.<br>□ Gefin verði út umhverfisskýrsla ár hvert, sem auðveldi samanburð og yfirlit yfir umhverfismál í sveitarfélaginu.</td>
<td>Hér má þá kannski nefna vöktun umhverfis????</td>
</tr>
<tr>
<td>22-23</td>
<td>1.3.6 Samantekt á niðurstöðum mats á umhverfisáhrifum aðalskipulags Hafnarfjarðar
<table>
<tr><th>Málaflokkur</th><th>Helstu áhrif</th><th>Mótvægisaðgerðir</th><th>Niðurstaða</th></tr>
<tr><td>Byggðamál</td><td>- röskun hrauna<br>- landslag og ásýnd<br>- vistkerfi<br>- heilsa og öryggi<br>- samfélag og hagur<br>- sérkenni bæjarins</td><td>- náttúrufarskönnun<br>- stefnumótun og friðun hrauns<br>- deiliskipulagsvinna og skipulagsskilmálar<br>- vöktun loftgæða<br>- jarðskjálftastaðlar<br>- húsaskrá</td><td>Bæði neikvæð og jákvæð áhrif sem vega hvor á móti öðrum.</td></tr>
<tr><td>atvinnulíf</td><td>- röskun hrauna<br>- landslag og ásýnd<br>- vistkerfi<br>- loftgæði<br>- samlegð mengunaráhrifa<br>- heilsa og öryggi<br>- samfélag og hagur</td><td>- náttúrufarskönnun stefnumótun og friðun hrauna<br>- deiliskipulagsvinna og skipulagsskilmálar<br>- framfylgd laga og reglugerða um mengunarvarnir<br>- vöktun lífríkis<br>- vöktun loftgæða og hljóðvistar</td><td>Bæði neikvæð og jákvæð áhrif sem vega hvor á móti öðrum.</td></tr>
<tr><td>Samgöngur</td><td>- röskun hrauna<br>- loftgæði<br>- hljóðvist<br>-</td><td>- stefnumótun og friðun hrauna<br>- vöktun loftgæða og hljóðvistar<br>- færsla þungaumferðar</td><td>Áhrif í heild jákvæð</td></tr>
</table>
</td>
<td>Hér má þá kannski nefna vöktun umhverfis????</td>
</tr>
</table>

| | | | | | |
|---|---|---|---|---|---|
| | | umferðaröryggi<br>- umhverfisáhrif umferðar<br>- samfélag og öryggi | - aðgerðir til að draga úr neikvæðum umhverfisáhrifum umferðar | | |
| | Umhverfi | - verndun náttúru og minja<br>- bætt aðgengi og aðstaða til íþrótta og útivistar<br>- betra búsetuumhverfi | - náttúrufarskönnun<br>- verndaráætlanir fyrir náttúru og minjar<br>- stýring ferðamanna<br>- aukin fræðsla<br>- opnunartími og aðgengi að útivistar og íþróttaaðstöðu<br>- vöktun hljóðvistar | Áhrif í heild jákvæð | |